

8. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn
Fundarsalur Álftavers,
mánudaginn 6. janúar 2020, kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Valgeir Scott,
Þorbergur Kjartansson og Jóhann Birkir Helgason.

Fundargerð ritaði: Samúel Kristjánsson, .

1. Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2019-2030 - 1902001

Teknar fyrir að nýju umsagnir og athugasemdir vegna Aðalskipulags Súðavíkurhrepps 2018-2030. Skipulagið var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst frá 16.10.2019 til og með 27.11.2019. Auglýst var í eftirfarandi miðlum: Morgunblaðinu, Lögbirtingablaðinu og heimasíðu Súðavíkurhrepps. Tillagan var jafnframt aðgengileg á bæjarskrifstofu Súðavíkurhrepps og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Umsagnir bárust frá eftirfarandi aðilum:

Skipulagsstofnun

Atvinnu- og Nýsköpunarráðuneytið

Veðurstofa Íslands

Umhverfisstofnun

Minjastofnun Íslands

Skógræktin

Landsnet

Athugasemdir bárust frá eftirfarandi aðilum:

Salvar Baldursson

Salvar Hákonarson og Ragnheiður Hákonardóttir

Bragi Líndal Ólafsson

Helgi Bjarnason

Anne Berit Vikse

Sigríður Hrönn Elíasdóttir

Margrét Hermanns Auðardóttir

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.

Hafliði Halldórsson fh. eiganda jarðarinnar Ögurs.

Svör Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar við athugasemdum sem fram komu á auglýsingatíma.

Bragi Líndal Ólafsson:

Breyting verður gerð á orðalagi í skipulaginu þar sem fjallað er um hverfisvernd í Seljalandi.

?Í dreifbýli eru hverfisverndarsvæði á Reykjanesi á Uppsalarreyri, Dvergasteini og Álftafjarðarbotni.? Einnig verður þessu breytt í töflu 9.2 og í kafla 13 og öðrum stöðum þar sem rætt er um hverfisvernd í Seljalandi.

Á mynd 11.10 eru tilgreind svæði til endurheimt votlendis, í skýringu á myndinni segir;

PK

VS

SK

AKR

AKR

Möguleikar til endurheimt votlendis. Þarna er ekki verið að taka ákvörðun með kortlagningunni heldur eingöngu verið að sýna sýna hvar svæðin eru. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kortlagt allar vistgerðir á landinu og eru votlendi, tún og akurlendi hluti af þeim.

Á bls. 115 er fjallað um að Súðavíkurhreppur mun vinna að eindurheimt votlendis. Þessi texti er alveg umdeilanlegur og verður honum breytt.

„Súðavíkurhreppur mun vinna að endurheimt votlendis til að draga úr gróðurhúsaáhrifum sbr. kafla 4 Náttúruvá. Kortlögð hafa verið votlendissvæði í hreppnum og mun hreppurinn leggja fram langtíma aðgerðaáætlun til að vinna að settu marki (mynd 11.10).“

Nýr texti:

Súðavíkurhreppur mun vinna að endurheimt votlendis til að draga úr gróðurhúsaáhrifum sbr. kafla 4 Náttúruvá. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kortlagt allar vistgerðir á landinu og eru votlendi, tún og akurlendi hluti af þeim. Þá hefur Landbúnaðarháskóli Íslands skráð inn nær alla skurði landsins og jarðvegskort, nytjaland og svokallað LULUCF (Land Use, Land-Use Change and Forestry). Þessi gögn voru notuð til að kanna hvar helst væru tækifæri til endurheimtar og má sjá þessi svæði á mynd 11.10. Hreppurinn mun þó, að undangenginni ítarlegri greiningu á kolefnisspori sveitarfélagsins og nákvæmari greiningu hvar hin raunverulegu tækifæri liggja, leggja fram langtíma aðgerðaáætlun til að vinna að settu marki í samvinnu við landeigendur.

Í Aðgerðaráætlun um endurheimt votlendis 2016 kemur eftirfarandi fram:
Skipulagsvald sveitarfélaga gefur þeim tækifæri til að setja endurheimt votlendis á dagskrá innan sinna stjórnarsýslumarka. Sveitarfélög ættu að móta sér stefnu í náttúruvernd og loftslagsmálum sem gæti m.a. falið í sér mótvægisáðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda t.d. með endurheimt votlendis. Skipulagsvinna felur í sér að greina tækifærin og mögulega forgangsroðun innan þess svæðis sem skipulagið nær til.

Helgi Bjarnason:

Á mynd 11.10 eru tilgreind svæði til endurheimt votlendis, í skýringu á myndinni segir; Möguleikar til endurheimt votlendis. Þarna er ekki verið að taka ákvörðun með kortlagningunni heldur eingöngu verið að sýna sýna hvar svæðin eru. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kortlagt allar vistgerðir á landinu og eru votlendi, tún og akurlendi hluti af þeim.

Á bls. 115 er fjallað um að Súðavíkurhreppur mun vinna að eindurheimt votlendis.

Þessum texta verður breytt.

„Súðavíkurhreppur mun vinna að endurheimt votlendis til að draga úr gróðurhúsaáhrifum sbr. kafla 4 Náttúruvá. Kortlögð hafa verið votlendissvæði í hreppnum og mun hreppurinn leggja fram langtíma aðgerðaáætlun til að vinna að settu marki (mynd 11.10).“

Nýr texti:

Súðavíkurhreppur mun vinna að endurheimt votlendis til að draga úr gróðurhúsaáhrifum sbr. kafla 4 Náttúruvá. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kortlagt allar vistgerðir á landinu og eru votlendi, tún og akurlendi hluti af þeim. Þá hefur Landbúnaðarháskóli Íslands skráð inn nær alla skurði landsins og jarðvegskort, nytjaland og svokallað LULUCF (Land Use, Land-Use Change and Forestry). Þessi gögn voru notuð til að kanna hvar helst væru tækifæri til endurheimtar og má sjá þessi svæði á mynd 11.10. Hreppurinn mun þó, að undangenginni ítarlegri greiningu á kolefnisspori sveitarfélagsins og nákvæmari greiningu hvar hin raunverulegu tækifæri liggja, leggja fram langtíma aðgerðaáætlun til að vinna að settu marki í samvinnu við landeigendur.

Í Aðgerðaráætlun um endurheimt votlendis 2016 kemur eftirfarandi fram:

HK VS SK MR JLT
2

Skipulagsvald sveitarfélaga gefur þeim tækifæri til að setja endurheimt votlendis á dagskrá innan sinna stjórnarsýslumarka. Sveitarfélög ættu að móta sér stefnu í náttúruvernd og loftslagsmálum sem gæti m.a. falið í sér mótvægisáðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda t.d. með endurheimt votlendis. Skipulagsvinna felur í sér að greina tækifærin og mögulega forgangsröðun innan þess svæðis sem skipulagið nær til.

Samþykkt að breyta töflu 11.6, 11.4 ásamt því að breyta stafsetningu í Ögurbúðadalsá, jafnframt að breyta texta um rafvæðingu býla í hreppnum.
Vegur í landi Kleifa verður felldur út úr mynd 15.3

Anne Berit Vikse:

Gert er ráð fyrir göngustíg umhverfis tjörnina en mögulegt verður að stýra umferð eftir aðstæðum, t.d. m.t.t. varptíma kríunnar.

Margrét Hermanns Auðardóttir:

Í töflu 8.1 kemur fram að upplýsingar um skráðar fornminjar í Ögri liggja ekki fyrir. Engu að síður er í aðalskipulaginu skilgreint 16,5 ha hverfisverndarsvæði vestan Ögurár (HV9), þ.e. það svæði sem friðlýstu húsin og samkomuhúsið tilheyra.

Í töflu 8.2 kemur fram að Ögurkirkja og gamla íbúðarhúsið séu friðlýst og í töflu 8.4 eru talin upp þau hús sem verða 100 ára á skipulagstímabilinu og er samkomuhúsið í Ögri tilgreint í töflunni.

Umrædd skýrsla er ekki staðfest hjá Minjastofnun og verkefnið er ekki birt á Minjaskránni. Í umsögn Minjastofnunar er ekki gerð athugasemd við að skýrslan væri ekki tilgreind. Nefndin þakkar þó höfundu kærlega fyrir skýrsluna.

Hverfisverndin á svæðinu er í samræmi við leiðarljós aðalskipulagsins og meginmarkmið fyrir samfélag, þ.e. að menningar- og búsetuminjar verði verndaðar, m.a. fyrir skógrækt, ágangi búfjár, landbroti og öðrum framkvæmdum.

Salvar Hákonarson og Ragnheiður Hákonardóttir:

Þessi framsetning, að skilgreina tvö vatnsból í Reykjarfirði, er í samræmi við bréf Salvars Hákonarsonar sem sent var Súðavíkurbreppi þann 28.11.2018 en þar er samþykkt að skilgreind verði tvö vatnsból í landi Reykjarfjarðar, annað rétt sunnan Borgarlár og hitt í Borgarlá. Nánari staðsetningu verður hægt að ákvarða eftir samþykkt aðalskipulagsins. Samþykkt að bæta við eftirfarandi texta:

Vatnsverndarsvæðið í Sauradal er sýnt á skipulagsuppdrætti sem og vatnsból þar sem ferðaþjónusta með veitingasölu og gistingu er fyrirhuguð. Um er að ræða Reykjarfjörð við Reykjanes, Skálavík í Mjóafirði, Heydal, Vigur, Ögur og Fofafót auk þess eru tvö vatnsból í landi Reykjarfjarðar tilgreind á uppdrættinum.

Jafnframt ákveðið að fella út texta sem fjallar um dreifikerfi ljósleiðara, m.a. upplýsingar um fjölda húsa og áform um heimtaugar. Ákvörðanir um dreifikerfi verða ekki teknar í aðalskipulaginu.

Ekki er talin ástæða til að gera nánari lýsingu á staðháttum, mörk skipulags eru sýnd á uppdrætti.

Engin ástæða er til að breyta heiti á hverfisvernd sem kend er við Vatnsfjörð, Vatnsfjarðarnes er tilgreint á náttúruminjaskrá.

AK VS SJR AR JLG

Salvar Baldursson:

Í aðalskipulaginu er ekki tekin afstaða til staðsetningar á einstökum eldisstöðum. Mörkuð er almenn stefna um nýtingu strandsvæðis og er henni ætlað að gagnast sem innlegg í komandi vinnu við skipulagningu þessa svæða skv. nýjum lögum. Mynd 11.9. sýnir núverandi eldi og áform eldisfyrirtækja.

Sigríður Hrönn Elíasdóttir:

Gildandi skipulag var unnið eftir eldri skipulagslögum sem tóku gildi 1998. Þar er landsvæðið innan landamerkjna Saura II flokkað þannig: Opin óbyggð svæði (gulgræn), ÚTIVISTARSVÆÐI (mosagræn) sem eru opin svæði til sérstakra nota. Bent er á að merkingarnar (Í) og (S) á uppdrættinum eru í raun ÚTIVISTARSVÆÐI sem hugsuð eru annars vegar sem íþróttasvæði og hins vegar sem skógræktarsvæði. Skilgreining á Opnu svæðunum samkvæmt eldri reglugerð er eftirfarandi: Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útivistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrúðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða- og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, rallybrautir og skotvellir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði. Ný skipulagsreglugerð tók síðan gildi 2013 með þeim breytingum að Íþróttasvæði eru sér landnotkunarflokkur (ÍÞ) sem er svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar. Skógrækt fellur einnig undir nýjan landnotkunarflokk sem heitir Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) sem skilgreint er sem svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölhytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu. Ný skilgreining opinna svæða (OP) er: Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Ekki eru því um miklar breytingarnar á því sem fyrir er. Heimilt er að stunda trjárækt á opnum grænum svæðum og eykur það útivistargildi þeirra svæða til muna. Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) hafa verið skilgreind á þeim jörðum sem gert hafa um það sérstaka skógræktarsamninga við Skógræktina (áður Skjólskógar). Samráð hefur verið með þeim hætti að í upphafi var settur saman hópur fólks sem voru fulltrúar allra helstu hagsmunaaðila í sveitarfélaginu, þ.á.m. fulltrúi landeigenda sem tilnefndur var af Súðavíkurbreppi. Varðandi sölu eða leigu á landspildu þá byggir sú athugasemd á misskilningi. Umrætt svæði er innan þéttbýlismarka og er skilgreint sem Opíð svæði (OP) sem er samkvæmt skipulagsreglugerð, svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Skipulagsákvæðin fyrir (OP5) eru eftirfarandi: Svigrúm til uppbyggingar útivistarsvæða í sátt við náttúru og búsetulandslag. Heimilt er að nýta núverandi byggingar og mannvirki til að bæta aðgengi að svæðinu og áuka útivistarmöguleika þar, s.s. með veitingasölu, gistingu eða miðlun sögu svæðisins. Þó skipulagsákvæðin gefi rými fyrir ýmiss konar uppbyggingu á reitnum er það alfarið í hendi landeiganda hvort hann nýtir það eða ekki. Ekki er hægt að skilgreina svæðið með nákvæmlega sömu merkingum og verið hafa vegna breytinga sem orðið hafa á skipulagsreglugerð. Útivistarsvæði með merkingum Í (íþróttir) annars vegar og S (Skógrækt) hins vegar er ekki lengur í gildi. Við útivistarsvæðum tók sérstakur landnotkunarflokkur sem heitir Opin svæði (OP).

PK V.S. SK AKK 4

~~Útivistarsvæðum tók sérstakur landnotkunarflokkur sem heitir Opin svæði (OP).~~
Íþróttasvæði og skógræktarsvæði hafa fengi hvort sinn eigin landnotkunarflokk.
Skógrækt er þó heimil á opnum svæðum en skoða þarf ákvæði og skilmála hvað það
varðar í greinargerðinni.
Hvað varðar Kambsnes þá snýr það ekki að skipulagi.

Hafliði Halldórsson:

Nefndin bendir á að starfsemi Ögurferða hófst eftir að ljóst var að tilraunir hreppsins til
að koma böndum á starfsemina á Garðstöðum hefðu ekki borið árangur og því ætti
starfsemin ekki að koma rekstraraðilum á óvart.

Í kafla 11.7.1 kemur fram að mælingar hafi verið gerðar á olíumengun í lækjum við
Garðsstaði en mengun hafi ekki mælst þar (Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða 2014). Hins
vegar er ekki vitað um ástand jarðvegjar m.t.t. mengunar á jörðinni.

Rétt er að starfsemin hefur aldrei verið með starfsleyfi. Tilraunir sveitarfélagsins til að
minnka umsvifin eða leggja starfsemina af hafa ekki gengið.

Með því að setja starfsemina í skipulag er gerð tilraun til að koma böndum á hana og þar
með þarf að fá samþykkt deiliskipulag og sækja um starfsleyfi. Í aðalskipulaginu eru sett
ákvæði sem setja starfseminni skorður og lagðar til mótvægisáðgerðir. Ef ákvæðum
starfsleyfis er ekki fylgt er hægt að stöðva starfsemina og fjarlægja bílana ef leyfi verða
ekki uppfyllt.

Í kafla um vatnsvernd og hljóðvist kemur fram að á jörðinni Garðstöðum skuli taka
jarðvegssýni og gera mengunarmælingar. Niðurstöðurnar verði grundvöllur fyrir útgáfu
starfsleyfis og gerð deiliskipulags vegna reksturs bílapartasölu.

Ábúandi telur að í upphafi ársins 2019 séu um 650 bifreiðar á jörðinni.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir aðstöðu til tímabundinnar geymslu og niðurrifs á
bifreiðum. Nefndin tekur undir með bréfitara og leggur til að gerð verði breyting á texta
í aðalskipulaginu þannig að í janúar 2025 skuli vera að hámarki 200 bifreiðar á svæðinu
og að hámarki 100 bifreiðar í lok janúar 2030. Í ákvæðum um að milda skuli neikvæð
áhrif verði skilyrt að gróðursetningu skuli lokið fyrir fyrir desember 2022. Einnig er hægt
að nýta landmótun til að milda neikvæð áhrif.

Nánari ákvæði um starfsemina og mótvægisáðgerðir skal setja í deiliskipulagi og
starfsleyfi. Þau skulu byggja á nánari upplýsingum, m.a. um mögulega mengun í jarðvegi
og áhrif á lífríki og ásynd svæðisins.

Vestan Ögurár er 16,5 ha svæði sem nýtur hverfisverndar (HV9). Ákvæði verndarinnar
lúta að því að vernda skuli sögu- og fornminjar. Taka skuli tillit til landslags og
yfirbragðs verndaðra og friðaðra bygginga við allar framkvæmdir á hverfisverndaða
svæðinu. Áhrif framkvæmda skulu metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags
(viðauki). Hugsanlega ætti að stækka hverfisverndarsvæði HV9 þannig að garðurinn
verði innan þess og tilgreina garðinn í töflu 9.2 (lýsing fyrir HV9).

Í kafla um úrgang kemur fram að eitt af markmiðum aðalskipulagsins er að áhersla
verði lögð á það að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á
umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg eða andrúmsloft og tryggt að spilliefni berist ekki
út í umhverfið.

Þar kemur einnig fram að ekki sé gert ráð fyrir urðunar- og geymslusvæði fyrir óvirkan
úrgang s.s. bílhrae, brotajárn og dekk í sveitarfélaginu. Á Garðstöðum í Ögurvík hafi þó
verið starfrækt geymslusvæði fyrir þess konar úrgang um árabil, sbr. umfjöllun hér að
framan.

Í markmiðinu kemur fram að svigrúm sé fyrir minni háttar iðnaðarstarfsemi sem raskar
ekki verðmætri náttúru eða menningarsögulegum minjum. Óbreytt starfsemi á
Garðstöðum fellur ekki undir þá skilgreiningu.

Skýrsla Margrétar er ekki staðfest hjá Minjastofnun og verkefnið er ekki birt á
Minjasjánni. Í gögnum Minjastofnunar kemur fram að heimild hafi verið veitt fyrir

fornleifakönnun árið 2009.

Í töflu 8.1 á bls. 59 kemur fram að upplýsingar um skráðar fornminjar í Ögn liggja ekki

PK VS GK AHR SJK

fyrir:

Nefndin þakkar fyrir ábendingar um húseignir og leggur til að bæta hjalli inn í töflu 8.3 og fjárhúsum og stöðvarhúsi inn í töflu 8.4.

Þá leggur nefndin til að leiðrétta töflu 11.7 þar sem að Ögurhólmar eru tilgreindir sem stök jörð. Þá er lagt til að leiðrétta vísun í töflu 11.19

Ekki er þó talin ástæða til að telja upp alla fugla á svæðinu.

Nefndin leggur því til við sveitarstjórn að iðnaðarsvæði verði á Garðstöðum eins og tillagan geri ráð fyrir með þeim breytingum að bílamagn fækkar sbr. ofanritað og sett verði nánari ákvæði um mótvægisáðgerðir.

Hraðfrystihúsið Gunnvör:

Súðavíkurhreppur skoðaði fyrst staðarval í nóvember 2014, þá var skipulags- og byggingarfulltrúi fenginn til að skoða tvær tillögur, annars vegar innan við Langeyri (valkostur 1) og svo á Langeyraroddanum (valkostur 2).

Valkostur 1 var síðan notaður í skýrslu ATVEST, apríl 2015.

Í framhaldi af þessu skoðaði Vegagerðin valkost 1 betur. (merkt tillaga 2 í minnisblaði Vegagerðarinnar). Í samráðsferli í aðalskipulagsvinnunni kom fram ósk frá HG að færa fyllinguna innar þannig að ekki væri þrengt að starfsemi HG, tillaga 1 í minnisblaði Vegagerðarinnar. Við skoðun á þessum tillögum var ákveðið að skoða til viðbótar aðra útfærslu, að mjókka fyllinguna og lengja hana, tillaga 3. Sú tillaga þótti heppilegust og gæti hafnarmannvirkið einnig nýst iðnaðarsvæðinu á Langeyri. Dýpið við hafnarkantinn var minna við að mjókka fyllinguna, þá var kostnaðurinn einnig minni.

Að lokum var ákveðið að skoða fjórða valkostinn, að fara með verksmiðjuna um 800 metrum innar í fjórðinn.

Fjórði valkostur var talinn óheppilegur vegna mikils halla á sjávarbotni. Vegna meiri bratta eru meiri líkur á broti þegar fylling hefst, meiri óvissa var því um þennan valkost. Sveitarstjórn ákvað að tillaga 3 væri besti kosturinn undir verksmiðjuna.

Á fundi sveitarstjórnar og skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefndar með forsvarsmönnum HG var farið yfir þessu mál og staðarval rætt. Þar kom fram hjá oddvita að sveitarstjórn hefði skoðað kosti og galla þess að staðsetja svæði fyrir kalkþörungaverksmiðju innar í Álftafirði. Niðurstaða sveitarstjórnar var sú að heppilegast væri fyrir sveitarfélagið að staðsetja hana við Langeyri.

Með því að lengja landfyllinguna og minnka breidd hennar var hægt að lækka kostnað og áhættu ásamt því að tengja athafnastarfsemi á Langeyri við hafnarkantinn. Þá var einnig skoðað að útbúa landfyllingu innar eins og fyrr segir. Það var ekki vilji sveitarstjórnar að dreifa iðnaðar og athafnasvæðum um Álftafjörðinn. Nú þegar er hafnar- iðnaðar- og athafnasvæði í „gömlu“ Súðavík og á Langeyri. Talið er heppilegast að tengja athafnasvæðið á Langeyri við nýtt hafnar- og iðnaðarsvæði.

Gert er ráð fyrir að hámarks losunarmörk ryks í starfsleyfi verði sambærilegt og á Bíldudal eða 20 mg/Nm³. Eins og fram kemur í mælingum á Bíldudal hafa mæligildi verið langt yfir mörkum en mælingar í janúar og október 2019 sýna að hægt að vera vel innan þessara marka og mun Súðavíkurhreppur krefjast þess að svo verði. Skv.

upplýsingum frá Íslenska kalkþörungafélaginu eru áform um að setja upp pokasíur í stað vatnshreinsikerfis eins og er á Bíldudal. Pokasíur er taldár mun betri kostur og sagðar ná mun meira ryki úr útblæstri en vatnshreinsikerfi. Nefndin mun því gera kröfu um að pokasíur verði settar upp í verksmiðjuna.

Skv. tillögumni er gert ráð fyrir bæði hráefnislón og setpró til að minnka magn svifagna í sjó. Efninu er dælt upp í hráefnislónið og sjórinn látinn fara í setpró áður en hann fer í sjóinn. Stærð setpróar miðast við magn sjávar við eina uppdælingu. Uppi eru hugmyndir um að dæla efninu í móttökugeyma í stað hráefnislóns en slíkt er í skoðun. Meðfylgjandi mynd sýnir uppbyggingu kerfis með móttökugeymum (skýringar mynd fyrir

PK V.S. SKA AKR

JKG

löndunarferli kalkþörunga í Súðavík, Einar Sveinn Ólafsson, 12.2019). Báðar þessar leiðir eru betri valkostur en sú leið sem farin hefur verið á Bíldudal og því ætti grugg sem fer í sjóinn að vera hverfandi.

Svæðið á Langeyri er skilgreint sem iðnaðar- og athafnasvæði í skipulagi og því mun hávaði frá verksmiðju ekki hafa mikil áhrif á fasteignir á því svæði. Íbúðabyggðin er í 420 metra fjarlægð og skv. hljóðkortinu mun hávaði ekki fara yfir leyfileg mörk. Nefndin telur að með því að gróðursetja tré og annan gróður sé verið að koma til móts við íbúa á íbúðarsvæðinu m.t.t. ásyndar, hljóðs- og rykmengunar frá kalkþörungaverksmiðjunni en slíkt sé ekki nauðsynlegt m.t.t. athafna- og iðnaðarsvæðisins. Íbúðabyggð er ekki skipulögð á Langeyri í tillögu að aðalskipulagi og er ekki heldur í gildandi skipulagi. Mótvægisáðgerðir eins og trjáplöntun og jarðvegsmön munu milda áhrif á ásynd frá fyrirhuguðu byggingarsvæði.

Með tilkomu hafnarmannvirkis á Langeyri telur sveitarfélagið að verðgildi fasteigna muni hækka en ekki lækka eins og fram kemur í athugasemd. Hafnarmannvirkið veitir iðnaðarsvæðinu meiri möguleika en eins og fram kemur í athugasemdinni áformar HG uppbyggingu á Langeyri þegar fiskeldi í Ísafjarðardjúpi fer af stað. Framkvæmdin ætti því að koma lóðarhöfum á Langeyri til góða.

Hljóðstig við útreikning á hávaða er skv. hönnuði bæði úr gagnabanka og mælt hljóðstig frá sambærilegri verksmiðju þ.e.a.s. frá kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal. Skv. hljóðkortinu verður hávaði í íbúðabyggð undir þeim mörkum.

Ekki er tekið tillits til titrings í aðal- eða deiliskipulagi en tekið verður á slíku ef talin er þörf á því í byggingarleyfisferlinu.

Áhrif kalkþörungaverksmiðju á fiskeldi ætti að vera hverfandi þar sem setlón tekur við uppðældum sjó frá hráefnislóni. Eins og að framan greinir koma móttökugeymar einnig til greina.

Útivistarsvæði á Langeyri er hverfisverndað. Kalkþörungaverksmiðja mun hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæðið í Súðavík.

Ekki verður fjallað um frummatsskýrslu framkvæmdaáðila kalkþörungaverksmiðjunnar hér.

Nefndin er ekki sammála því að skortur hafi verið á samráði við gerð aðal- og deiliskipulags. Sveitarfélagið sendi skipulags- og byggingarfulltrúa á fund HG til að kynna áform sveitarfélagsins þegar vinna hófst við gerð deiliskipulags við Langeyri. Þá komu fulltrúar HG á fund með sveitarstjórn og skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefndar til að ræða fyrirhugað deiliskipulag. Á fundinum gerðu fulltrúar HG athugasemd við staðsetningu verksmiðjunnar og því var ljóst að sveitarstjórn og HG voru ekki sammála.

Við gerð aðalskipulags var stofnaður skipulagshópur, í honum var starfsmaður HG sem var hagsmunaaðili fyrir sjávarútveg, stærri útgerðir. Sveitarfélagið hefur því haft samráð við HG sem og aðra hagsmunaaðila og íbúa við gerð aðal- og deiliskipulags. Þessir aðilar hafa verið upplýstir um ganga mála í gegnum heimasíðuna, í tölvupóstum og á fundum en auk þess hafa þeir verið virkir þátttakendur í ákvörðunum um aðalskipulagið. Má þar sérstaklega benda á vinnu skipulagshópsins en einnig íbúáþing sem haldið var í nóvember 2018.

Samantekt.

Verksmiðjan á Bíldudal er mun nær íbúðabyggð en í Súðavík. Í deiliskipulagstillögunni er hljóðkort sem sýnir að hávaði frá verksmiðjunni er vel innan marka reglugerðar. Með pokasíum er allt sem bendir til að rykmagn verði enn minna en á Bíldudal. Niðurstöður úr rykmælingum á árinu 2019 sýna fram á að rykmagn getur verið vel innan marka starfsleyfis með réttum búnaði og viðhaldi.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar hefur fjallað um staðsetningu fyrirhugaðrar kalkþörungaverksmiðju, hljóðvið, loftgæði, vatnsgæði, titring, ásynd, áhrif, samráð og fleira sem fram kemur hér að ofan. Engar athugasemdir eða ábendingar hafa leitt til þess að nefndin telji ástæðu til að breyta tillögu að aðal- eða

PK VG SK AVR

SLG

deiliskipulagi. Nefndin leggur því til við sveitarstjórn að Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030 verði staðfest með þeim breytingum sem áður hefur fjallað um.

Tekið var á umsögnum á síðasta fundi, búið er að breyta og lagfæra til samræmis við umsagnir eins og tilefni gafst til.

Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030 með ofangreindum breytingum.

Samþykkt

2. Deiliskipulag inn af Langeyri - 1901001

Teknar fyrir að nýju umsagnir og athugasemdir vegna deiliskipulags inn af Langeyri, hafnar- og iðnaðarsvæði. Skipulagið var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið gerir ráð fyrir landfyllingu og byggingu kalkþörungaverksmiðju þar sem unnið verður allt að 120.000 m³ af kalkþörungaseti úr Ísafjarðardjúpi.

Tillagan var auglýst frá 16.10.2019 til og með 27.11.2019. Auglýst var í eftirfarandi miðlum: Morgunblaðinu, Lögbirtingablaðinu og heimasíðu Súðavíkurhrepps. Tillagan var jafnframt aðgengileg á bæjarskrifstofu Súðavíkurhrepps og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarstræti 1, Ísafirði.

Athugasemd barst frá Hraðfrystihúsinu Gunnvör hf.

Umsagnir bárust frá Veðurstofu Íslands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Atvinnu- og Nýsköðunarráðuneytinu.

Súðavíkurhreppur skoðaði fyrst staðarval í nóvember 2014, þá var skipulags- og byggingarfulltrúi fenginn til að skoða tvær tillögur, annars vegar innan við Langeyri (valkostur 1) og svo á Langeyraroddanum (valkostur 2).

Valkostur 1 var síðan notaður í skýrslu ATVEST, apríl 2015.

Í framhaldi af þessu skoðaði Vegagerðin valkost 1 betur. (merkt tillaga 2 í minnisblaði Vegagerðarinnar). Í samráðsferli í aðalskipulagsvinnunni kom fram ósk frá HG að færa fyllinguna innar þannig að ekki væri þrengt að starfsemi HG, tillaga 1 í minnisblaði Vegagerðarinnar. Við skoðun á þessum tillögum var ákveðið að skoða til viðbótar aðra útfærslu, að mjókka fyllinguna og lengja hana, tillaga 3. Sú tillaga þótti heppilegust og gæti hafnarmannvirkið einnig nýst iðnaðarsvæðinu á Langeyri. Dýpið við hafnarkantinn var minna við að mjókka fyllinguna, þá var kostnaðurinn einnig minni.

Að lokum var ákveðið að skoða fjórða valkostinn, að fara með verksmiðjuna um 800 metrum innar í fjörðinn.

Fjórði valkostur var talinn óheppilegur vegna mikils halla á sjávarbotni. Vegna meiri bratta eru meiri líkur á broti þegar fylling hefst, meiri óvissa var því um þennan valkost. Sveitarstjórn ákvað að tillaga 3 væri besti kosturinn undir verksmiðjuna.

Á fundi sveitarstjórnar og skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar með forsvarsmönnum HG var farið yfir þessu mál og staðarval rætt. Þar kom fram hjá oddvita að sveitarstjórn hefði skoðað kosti og galla þess að staðsetja svæði fyrir kalkþörungaverksmiðju innar í Álftafirði. Niðurstaða sveitarstjórnar var sú að heppilegast væri fyrir sveitarfélagið að staðsetja hana við Langeyri.

Með því að lengja landfyllinguna og minnka breidd hennar var hægt að lækka kostnað og áhættu ásamt því að tengja athafnastarfsemi á Langeyri við hafnarkantinn. Þá var einnig skoðað að útbúa landfyllingu innar eins og fyrr segir. Það var ekki vilji sveitarstjórnar að dreifa iðnaðar- og athafnasvæðum um Álftafjörðinn. Nú þegar er hafnar- iðnaðar- og athafnasvæði í „gömlu“ Súðavík og á Langeyri. Talið er heppilegast að tengja athafnasvæðið á Langeyri við nýtt hafnar- og iðnaðarsvæði.

Gert er ráð fyrir að hámarks losunarmörk ryks í starfsleyfi verði sambærilegt og á Bíldudal eða 20 mg/Nm³. Eins og fram kemur í mælingum á Bíldudal hafa mæligildi verið langt yfir mörkum en mælingar í janúar og október 2019 sýna að hægt að vera vel innan þessara marka og mun Súðavíkurhreppur kréffast þess að svo verði. Skv. upplýsingum frá Íslenska kalkþörungafélaginu eru áform um að setja upp pokasíur í stað

PK V.C. SK ALR RGT

vatnshreinsikerfis eins og er á Bíldudal. Pokasíur er taldar mun betri kostur og sagðar ná mun meira ryki úr útblæstri en vatnshreinsikerfi. Nefndin mun því gera kröfu um að pokasíur verði settar upp í verksmiðjuna.

Skv. tillögunni er gert ráð fyrir bæði hráefnislóni og setþró til að minnka magn svifagna í sjó. Efninu er dælt upp í hráefnislónið og sjórinn látinn fara í setþró áður en hann fer í sjóinn. Stærð setþróar miðast við magn sjávar við eina uppdælingu. Uppi eru hugmyndir um að dæla efninu í móttökugeyma í stað hráefnislóns en slíkt er í skoðun. Meðfylgjandi mynd sýnir uppbyggingu kerfis með móttökugeymum (skýringar mynd fyrir löndunarferli kalkþörungna í Súðavík, Einar Sveinn Ólafsson, 12.2019). Báðar þessar leiðir eru betri valkostur en sú leið sem farin hefur verið á Bíldudal og því ætti grugg sem fer í sjóinn að vera hverfandi.

Svæðið á Langeyri er skilgreint sem iðnaðar- og athafnasvæði í skipulagi og því mun hávaði frá verksmiðju ekki hafa mikil áhrif á fasteignir á því svæði. Íbúðabyggðin er í 420 metra fjarlægð og skv. hljóðkorti mun hávaði ekki fara yfir leyfileg mörk. Nefndin telur að með því að gróðursetja tré og annan gróður sé verið að koma til móts við íbúa á íbúðarsvæðinu m.t.t. ásýndar, hljóðs- og rykmengunar frá kalkþörungaverksmiðjunni en slíkt sé ekki nauðsynlegt m.t.t. athafna- og iðnaðarsvæðisins. Íbúðabyggð er ekki skipulögð á Langeyri í tillögu að aðalskipulagi og er ekki heldur í gildandi skipulagi. Mótvægisáðgerðir eins og trjáplöntun og jarðvegsmön munu milda áhrif á ásýnd frá fyrirhuguðu byggingarsvæði.

Með tilkomu hafnarmannvirkis á Langeyri telur sveitarfélagið að verðgildi fasteigna muni hækka en ekki lækka eins og fram kemur í athugasemd. Hafnarmannvirkið veitir iðnaðarsvæðinu meiri möguleika en eins og fram kemur í athugasemdinni áformar HG uppbyggingu á Langeyri þegar fiskeldi í Ísafjarðardjúpi fer af stað. Framkvæmdin ætti því að koma lóðarhöfum á Langeyri til góða.

Hljóðstig við útreikning á hávaða er skv. hönnuði bæði úr gagnabanka og mælt hljóðstig frá sambærilegri verksmiðju þ.e.a.s. frá kalkþörungaverksmiðjunni á Bíldudal. Skv. hljóðkorti verður hávaði í íbúðabyggð undir þeim mörkum.

Ekki er tekið tillits til titrings í aðal- eða deiliskipulagi en tekið verður á slíku ef talin er þörf á því í byggingarleyfisferlinu.

Áhrif kalkþörungaverksmiðju á fiskeldi ætti að vera hverfandi þar sem setlón tekur við uppdældum sjó frá hráefnislóni. Eins og að framan greinir koma móttökugeymar einnig til greina.

Útivistarsvæði á Langeyri er hverfisverndað. Kalkþörungaverksmiðja mun hafa óveruleg áhrif á útivistarsvæðið í Súðavík.

Ekki verður fjallað um frummatsskýrslu framkvæmdaáðila kalkþörungaverksmiðjunnar hér.

Nefndin er ekki sammála því að skortur hafi verið á samráði við gerð aðal- og deiliskipulags. Sveitarfélagið sendi skipulags- og byggingarfulltrúa á fund HG til að kynna áform sveitarfélagsins þegar vinna hófst við gerð deiliskipulags við Langeyri. Þá komu fulltrúar HG á fund með sveitarstjórn og skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefndar til að ræða fyrirhugað deiliskipulag. Á fundinum gerðu fulltrúar HG athugasemd við staðsetningu verksmiðjunnar og því var ljóst að sveitarstjórn og HG voru ekki sammála.

Við gerð aðalskipulags var stofnaður skipulagshópur, í honum var starfsmaður HG sem var hagsmunaaðili fyrir sjávarútveg, stærri útgerðir. Sveitarfélagið hefur því haft samráð við HG sem og aðra hagsmunaaðila og íbúa við gerð aðal- og deiliskipulags. Þessir aðilar hafa verið upplýstir um ganga mála í gegnum heimasíðuna, í tölvupóstum og á fundum en auk þess hafa þeir verið virkir þátttakendur í ákvörðunum um aðalskipulagið. Má þar sérstaklega benda á vinnu skipulagshópsins en einnig íbúðing sem haldið var í nóvember 2018.

Samantekt.

AK V.S. SK. AUR, JLA

Verksmiðjan á Bíldudal er mun nær íbúðabyggð en í Súðavík. Í deiliskipulagstillögunni er hljóðkort sem sýnir að hávaði frá verksmiðjunni er vel innan marka reglugerðar. Með þokasíum er allt sem bendir til að rykmagn verði enn minna en á Bíldudal. Niðurstöður úr rykmælingum á árinu 2019 sýna fram á að rykmagn getur verið vel innan marka starfsleyfis með réttum búnaði og viðhaldi.


Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar hefur fjallað um staðsetningu fyrirhugaðrar kalkpörungaverksmiðju, hljóðvist, loftgæði, vatnsgæði, titring, ásjúnd, áhrif, samráð og fleira sem fram kemur hér að ofan. Engar athugasemdir eða ábendingar hafa leitt til þess að nefndin telji ástæðu til að breyta tillögu að aðal- eða deiliskipulagi.


Nefndin leggur því til við sveitarstjórn að deiliskipulag inn af Langeyri, hafnar- og iðnaðarsvæði verði samþykkt óbreytt.


Samþykkt


Fundi slitið kl. . 18²⁰


Anna Lind Ragnarsdóttir


Hulda Gunnarsdóttir


Samúel Kristjánsson


Valgeir Scott


Þorbergur Kjartansson

